

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 26.9.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Erla Bjarnadóttir, Gunnólfur Sveinsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Sigvaldi Þór Einarsson, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Tillögur frá 100 ára afmælisnefnd á vegum Norðurþings

Fyrir aðalstjórn liggja til kynningar tillögur 100 ára afmælisnefndar á vegum Norðurþings. Nefndin átti að skila inn tillögum að afmælisgjöf til Völsungs á 100 ára afmæli félagsins.

Tillögurnar eru fimm talsins og liggja fyrir fundinum.

Aðalstjórn er ánægð með tillögurnar og vonar að það verði horft til þeirra til framtíðar.

2. Fjölskylduráð hefur óskað eftir afstöðu Völsungs varðandi tilfærslu á Mærudögum

Aðalstjórn Völsungs barst erindi 12. september þar sem óskað var eftir afstöðu félagsins varðandi tilfærslu á Mærudögum.

Aðalstjórn hefur ekkert úta hugsanlega dagsetningu að setja. En óskar eftir að ákvörðunin verði tekin tímanlega þannig að hægt sé að ráðstafa keppnisleikjum og viðburðum tengdum mærudögum sem hafa verið á vegum Völsungs.

3. Fundur með Svæðisfulltrúum ÍSÍ

Svæðisfulltrúar Norðurlands eystra komu í heimsókn til Völsungs mánudaginn 16. september. Fyrir aðalstjórn liggja spurningar og svör sem rædd voru á fundinum.

Lagt fram.

4. Uppbygging á knattspyrnuvöllum

Eftir að meistaraflokkur karla í knattspyrnu tryggði sér sæti í Lengjudeild er ljóst að ráðast þarf í aðgerðir á knattspyrnuvöllum til að félagið geti leikið heimaleiki sína á Húsavík. Fulltrúi frá KSÍ kom í heimsókn mánudaginn 23. september og tók út aðstæður á knattspyrnuvöllum og mun skila skýrslu til félagsins. Við fyrstu sýn að þá þarf að ráðast í aðgerðir á klefum, velli og áhorfendaaðstöðu.

Aðalstjórn vonast til að farið verði í nauðsynlegar aðgerðir sem fyrst.

5. Fyrirspurn hvort Völsungur geti opnað vefverslun

Aðalstjórn hefur borist fyrirspurn varðandi það hvort hægt sé að stofna vefverslun inná TeamSport. Þar geti deildir félagsins selt fjáröflunarvörur og meira í þeim dúr.

Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á að opna vefverslun og bera undir aðalstjórn að nýju.

6. Eignfærsla á strandblakvöllum

Á síðasta fundi aðalstjórnar, dags. 10.9.2024, var framkvæmdastjóra falið að eiga samtali við endurskoðanda félagsins og kanna leiðir til að eignfæra strandblakvöll félagsins inn í bókhaldi félagsins. Fyrir aðalstjórn liggur minnisblað frá framkvæmdastjóra eftir samtali við endurskoðanda félagsins.

Aðalstjórn stefnir á að koma eignum félagsins inn í ársreikninginn með þeim hætti sem endurskoðandinn leggur til.

Fundi slitið: 18:00

